

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1811
komudagur 14.3.2008
12. mars 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-18
150 Reykjavík

Efni:

*Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu, 349. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.*

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að fá tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 349. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.

Efnislega er ekki að finna í frumvarpinu neinar reglur eða hömlur sem væru til boga varðandi bahá'í útfarir eða greftrun og gæfu okkur tilefni til athugasemda.

Hins vegar er full ástæða til að brýna löggjafann á að huga að þeim margháttuðu áhrifum sem breytingar í átt til fjölmenningar hafa. Ekki síst blasir við að bæði regluverk og málfar einkennist enn mjög af ráðandi stöðu kirkju og kristni þótt viðbúið sé að mæta þurfi í auknum mæli þörfum fólks úr hvers kyns trúfélögum öðrum, sem og fólki sem stendur utan allra trúfélaga. Heiti sjálfs ráðuneytisins sem kennt er við dóms- og kirkjumál en ekki trúmál er skýrt dæmi um þá aðlögun sem óskandi er að farið verði í á komandi árum.

Við fögnum því að orðið *grafreitir* sé nú markvisst sett inn í lögin og vonandi komum við til með að sjá fyrir en seinna grafreiti sem eru hlutlausari staðir en núverandi kirkjugarðar eru, þótt þar megi fólk utan kirkjunnar fá aðgang.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi


Ingibjörg Daníelsdóttir ritari